

Skólaráðsfundur, 3.maí – 19 stiga hiti úti!!

Mættir; Stefanía, Steinunn, Jón Steinar, Erna, Brynhildur, Þórey, Kristín.

Brúin

Öðru ári í þróunarvinnu að ljúka. Svipað fyrirkomulag og í fyrra. Erum alltaf að spá í hvort og þá hvernig við getum prófað okkur áfram, t.d. hugmynd um að verkefnum ljúki ekki öllum á sama tíma svo að kynningar rekist ekki á. Ingvar kom í vetur og hann var ánægður. Átti matsfund með nemendum og starfsfólki. Skrifaði grein í blaðið Skólapræðir. Í framhaldi af heimsókn Ingvars bað hann Stefaníu um að halda erindi á ráðstefnu í haust á vegum Skólapróunar.

Fórum í heimsóknir á Dalvík og Húsavík og þar fengum við hugmyndir í áframhaldandi vinnu.

Skóladagatal

Grunnurinn tilbúinn, allt sameiginlegt komið inn. Unnið í samstarfi við aðra skóla á Fljótsdalshéraði. 4 dagar 1+1 og 6 skertir dagar.

Næsta skólaár

Nú fara 6 nemendur út úr 10.bekk og 2 koma inn – fækkun um fjóra á næsta skólaári, 35 nemendur talsins. Lítur bara ágætlega út ☺ Gott ef nemendafjöldi helst yfir 30.

Þessi nemendafjöldi hefur haldist á þessu róli í mörg mörg ár. Leikskólabörn verða líklega 8 í haust.

Fyrirhugaðar breytingar í haust, búið að ráða í kennarastöður. Eygló kemur í haust, Agnieszka kemur líka. Stefía fer úr að mestu úr sinni kennslu, þ.e. úr kennsluskyldunni sinni. Annar kennari tekur tíma Stefaníu – SMS fer í minni starfsprósentu.

Fjárhagsáætlun

Árið 2016 kom ágætlega út og staðan á þessu ári virðist þokkalega. Fjárhagsáætlun ársins 2017 hljóðar upp á tæplega 132,5 milljónir. Vegna þess að skólaárið fylgir ekki fjárhagsárinu er oft erfitt að sjá fyrir hver ráðningarpörfin er fyrir komandi skólaár.

Matsnefnd

Nemendur í elstu bekkjum orðnir þreyttir á að taka „sömu“ könnunina – því hér er ekkert úrtak! Það er mat nefndarinnar að nóg sé að leggja könnunina fyrir 1x á ári – hvort eigum við að leggja hana fyrir að hausti eða vori? Ræða það við framkvæmdaraðila af Skólapúlsinum. Föllum yfir niðurstöður síðustu könnunar.

Kemur í heild vel út. Nem. skora mjög hátt í skóla- og bekkjaranda. 6.bekkur og upp úr sem svarar þessari könnun.

Skólahreysti

Kom öllum skemmtilega á óvart, stóðu sig einnig vel í stóru keppninni. Skólinn var í 11.sæti af 102 skólum ;)

Þegar svona kemur upp á – þá er þetta ekki áætlað á skipulagi/fjárhagsáætlun. Það væri gott að hafa sjóð til að sækja í til að fara í slíkar ferðir? Þetta er dýrt, en allir sammála um að sveitafélagið eigi að standa kostnað af slíkum afrekum – eða séu með sérstakan sjóð til að sækja í! Ferðin var farin eins ódýrt og hægt var!

Hvernig væri að Fljótsdalshérað slengdi upp einni Skólahreystibraut??